

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2022

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir sem hlýða á. Ég heiti Helgi Rafn og ætla ég að fjalla um hin ýmsu skipulagsmál á Akranesi sem snerta ungmenni og aðra bæjarbúa.

Mig langar til þess að fjalla aðeins um Akraneshöllina og þá helst upphitun hennar og viðhald sem hefur oft komið fram á málþingi og hér á þessum vettvangi. Börn og ungmenni hafa oft kvartað undan kulda í höllinni á köldum vetrardögum þar sem hún kólnar oft meira en hitastig utandyra. Það er hægt að færa ýmiss rök fyrir því að þetta er eitthvað sem gæti verið nauðsynlegt að gera. Oft fær maður þau rök frá eldri kynslóðum að þetta sé nú bara væl þar sem þau kannast við fótbolta úti á veturna á malarvellinum, en ég held að það hafi nú ekki mikið tíðkast mikið þar sem æfingar voru að mestu innanhús á veturna. Nú eru börn sem koma heim, króknandi úr kulda eftir að hafa verið á æfingu, það á ekki að þurfa að vera svoleiðis og svo fyrir eldri leikmenn þá er meiðslahættan meiri. En þá spyr ég, er gert ráð fyrir því í uppbyggingunni sem á sér stað við Jaðarsbakka, að stefnt verði að því að hita upp höllina með einangrun eða einhverju slíku og eða þarf að gera ráð fyrir einhverju svo hægt sé að hita upp höllina?

Áfram um fótboltan, en nú í covid hefur verið eftirtektarvert hvað ungir krakkar og ungmenni hafa leitað á gervigrasvellina við skólanna og er oft troðið á þeim og komast ekki alltaf að allir sem vilja, þess vegna er vert að skoða möguleika á nýjum gervigrasvelli utandyra og væri nýja hverfið góður staður til þess að hafa völl þar sem íbúabyggð er í mikilli uppbyggingu þar og er það tilvalið þar sem gervigrasvellirnir væru með góðu millibili og henta því hverju hverfi fyrir sig. Á deiliskipulagi skógarhverfisins er gert ráð útivistarsvæði og leiksvæði og er því tilvalið að gera ráð fyrir sparkvelli þar. Þetta myndi efla útivist barna og ungmenna á þessu svæði og auðvitað um allt bæjarfélagið.

Næst langar mig að taka fram salernisaðstöðuna við skógræktina, þar sem þarf að finna lausn á skelfilegu umgengisvandamáli. Það er náttúrulega fyrst og fremst óskiljanlegt og óásættanlegt að fólk gangi svona um almenningssalerni þar sem alltaf þarf að eyðileggja sameign okkar Akurnesinga. Þar sem marg oft hefur verið gert við og lagað aðstöðuna þá endar hún alltaf eins þar sem klósettskálar eru skemmdar ásamt speglum, vaski og jafnvel veggjum. Kostnaðurinn við það eina að gera við þetta er kostnaður sem Akraneskaupstaður vill vera án. Auðvitað væri hægt að loka þessari aðstöðu en að sjálfsögðu er það ekki það sem við viljum. En hvernig finnum við lausn á þessu vandamáli? Það eru auðvitað möguleikar í stöðunni en augljósa lausnin væri náttúrulega að setja upp myndavél/vélar til þess að geta vaktað staðinn og myndi eyðileggingin mjög líklega snarminnka eða jafnvel stoppa. Það kostar auðvitað að setja upp svona kerfi en mikilvægt er að tryggja öryggi á þessum fjölfarna stað og passa upp á að ólöglegir hlutir eigi sér ekki stað við þennan frábæra stað. Einnig geri ég ráð fyrir að það eigi eftir að borga sig þar sem endurnýjun á aðstöðu verður þá frekar á nokkurra ára fresti í stað nokkrum sinnum á ári. Einnig á gleði bæjarbúa sem gera sér oft ferð í Garðalund eftir skína og vitum við öll hversu dýrmætt það er. Ekki datt mér önnur lausn í hug en eflaust eru fleiri lausnir á þessu vandamáli en þá þarf bara að framkvæma.

Að lokum langar mig til þess að fjalla um áframhaldandi uppbygginu göngu- og hjólastíga á Akranesi. Mig langar til þess að hrósa Akraneskaupstað fyrir flotta uppbyggingu á göngu- og hjólastígum og má þar nefna stígin fyrir aftan vesturgötu, frá Ægisbraut og fram að Skaganum 3x. Við viljum að sjálfsögðu að Akraneskaupstaður haldi áfram þessari uppbyggingu og fjölgi malbikuðum göngu og hjólastígum víðsvegar um Akranes. Takk fyrir mig